Fjölmenni fagnaði LÍF

Flugfloti Landhelgisgæslunnar almenningi til sýnis í dag

TF-LÍF, ný björgunarþyrla Íslendinga, kom heim í gær. Fjölmargir lögðu leið sína að bækistöðvum Landhelgisgæslunnar við Reykjavíkurflugvöll, til að fylgjast með því þegar þyrlan lenti þar kl. 15 og árnaðaróskir til starfsmanna Landhelgisgæslunnar og Íslendinga allra einkenndu ræður forstjóra Landhelgisgæslunnar, dómsmálaráðherra og biskups Íslands við móttökuathöfn í flugskýli Gæslunnar. Flugfloti Gæslunnar verður almenningi til sýnis í dag, laugardag, kl. 13-17.

Öruggari flutningur slasaðra

Nýja þyrlan lagði af stað frá Frakklandi snemma á fimmtudagsmorgun og lenti í Stornoway í Skotlandi um kvöldið. Í gærmorgun var lagt af stað til Reykjavíkur, en komið við í Vestmannaeyjum.

Skömmu fyrir kl. 15 sást þyrlan yfir Reykjavík og fylgdu henni tvær þyrlur Landhelgisgæslunnar, TF-SIF og TF-GRÓ, sem höfðu flogið á móti henni. Eldri þyrlurnar lentu við flugskýli Landhelgisgæslunnar, en TF-LÍF flaug yfir borgina. Kl. 15 kom þyrlan inn yfir austur-vestur flugbraut Reykjavíkurflugvallar og flaug lágt austur yfir henni, þar til hún lenti á móts við flugskýli Gæslunnar.

Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, og hr. Ólafur Skúlason biskup tóku á móti Þorsteini Pálssyni, dómsmálaráðherra, Hafsteini Hafsteinssyni, forstjóra Landhelgisgæslunnar og áhöfn þyrlunnar, en Þorsteinn og Hafsteinn fóru um borð í Vestmannaeyjum. Á heimleið var áhöfnin skipuð þeim Páli Halldórssyni, yfirflugstjóra, Benóný Ásgrímssyni, flugstjóra, og flugvirkjunum Einari Bjarnasyni og Jóni Pálssyni.

Stór dagur í björgunarsögu landsins

Fullkomin þyrla

Hafsteinn Hafsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði við móttökuathöfnina að nafn þyrlunnar væri sótt í Vafþrúðnismál:

Líf og Lífþrasir
en þau leynast munu
í holti Hoddmímis.
Morgundöggvar
þau sér að mat hafa
en þaðan af aldir alast.

„Við höfum eignast nýtt líf, nýja þyrlu," sagði Hafsteinn. „Þessi Super Puma þyrla er með fullkomnum búnaði, meðal annars afísingarbúnaði, hún getur haft allt að 830 sjómílna flugdrægi og flutningur á slösuðum og veikum verður mun öruggari en nú er. Í þyrluna er hægt að setja samtímis allt að 9 sjúkrabörur, eða hún getur borið þrjú tonn af björgunartækjum. Þyrlan getur einnig nýst til gæsluflugs, eða tekið 20 manns í sæti, auk áhafnar."

Hafsteinn sagði að áhöfnin hefði verið í þjálfun frá því í nóvember í fyrra. „Þessi vél er sem ný, því henni hafði aðeins verið flogið í 350 stundir þegar Íslendingar festu kaup á henni. Þá vil ég nefna stórhug Rauða krossins, sem gaf 4 milljónir króna svo búa mætti hana lækningatækjum. Ég óska þjóðinni allri til hamingju með daginn."

Leiðarljós í björgunarmálum

„Það er stór dagur í björgunarsögu landsins þegar við fögnum þeim kjörgrip sem hingað er kominn," sagði Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra, í ávarpi sínu. Hann rakti aðdraganda þyrlukaupanna og sagði að sumum hefði þótt biðin æði löng. Ráðherra nefndi sérstaklega að sér hefði þótt ánægjulegt að fá að taka á móti þyrlunni í Vestmannaeyjum fyrr um daginn.

„Nú eru 75 ár síðan Björgunarfélag Vestmannaeyja hafði forystu um að kaupa fyrsta björgunar- og eftirlitsskipið til landsins. Til þess hefur örugglega þurft kjark, dugnað og áræði. Við eigum öllum þeim, sem unnið hafa að björgunarmálum margt að þakka og nú hafa enn orðið kaflaskil. Mikil ábyrgð hvílir á þeim sem eiga að fara með þetta góða tæki og þeim fylgja góðar óskir allra. Ég hef fyrir satt að fyrsta tækið, sem var keypt um borð í björgunar- og eftirlitsskipið Þór hafi verið ljós og voru kaupin skýrð þannig, að ljósinu væri ætlað að draga landhelgisbrjóta út úr skugganum, en vera öðrum leiðarljós á hafinu. Ég vona að TF-LÍF verði okkur leiðarljós í björgunarmálum."

Ný hátíð

Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, sagði hátíðir einkennast af hefðum, en nú væri ný hátíð að berja að dyrum, við komu nýrrar björgunarþyrlu.

„Blessi Guð þyrluna, vaki yfir þeim sem um borð starfa, hjálpi þeim sem í hættu eru staddir og gefi þeim kjark, þor og áræði, svo Líf megi gagnast um framtíð og þessi dagur verða sá hátíðardagur sem til er stofnað," sagði biskup.

Morgunblaðið/RAX

FORSETI Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, var meðal þeirra sem fögnuðu áhöfn nýju þyrlunnar við komuna til Reykjavíkur. Í áhöfninni voru þeir Páll Halldórsson, yfirflugstjóri, Benóný Ásgrímsson, flugstjóri og flugvirkjarnir Einar Bjarnason og Jón Pálsson.

Morgunblaðið/Golli

AÐ LOKINNI móttökuathöfn gæddu gestir sér á tertu, sem skreytt var mynd af þyrlunni. Meðal þeirra, sem fengu sér tertubita, voru frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, Hr. Ólafur Skúlason, biskup, Hafsteinn Hafsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Þorsteinn Pálsson, dómsmálaráðherra og Ólafur G. Einarsson, forseti Alþingis.

Heimferðin gekk vel

„HEIMFERÐIN gekk vel frá upphafi til enda," sagði Páll Halldórsson, yfirflugstjóri Landhelgisgæslunnar, sem flaug TF-LÍF heim í gær.

Páll sagði að heimferðin hefði verið löng, því lagt var af stað frá Frakklandi á fimmtudagsmorgun, áð í Skotlandi í fyrrinótt og þaðan flogið heim í gær. „Við vorum að flýta okkur heim í tertuna," sagði yfirflugstjórinn brosandi, en að lokinni móttökuathöfninni í gær var boðið upp á stóra tertu, sem skreytt var mynd af nýju þyrlunni.

Páll sagði að þyrlan hefði reynst jafn vel á heimleiðinni og hann hefði vonað. „Þessi þyrla uppfyllir allar okkar óskir og er bylting að vissu leyti. TF-LÍF og TF-SIF eru ólík tæki, þótt sú síðarnefnda sé fyrir löngu búin að sanna sig og falli ekki í skuggann af þessari."

FYRSTA þyrlan kom til landsins 30. apríl árið 1965 og hlaut hún nafnið TF-EIR.

TF-GNÁ var af Sikorsky-gerð og önnur þyrlan sem Landhelgisgæslan eignaðist.

ÁRIN 1980-1983 var TF-RÁN í notkun hjá Landhelgisgæslunni. Hún var af Sikorsky-gerð.

Þyrlur í 30 ár

LANDHELGISGÆSLAN hefur rekið tíu þyrlur undanfarin 30 ár og nýja Super Puma-þyrlan verður sú ellefta.

Þyrlukosturinn hefur verið sem hér segir:

TF-EIR, af gerðinni Bell 47J, frá 1965-1971.

TF-GNÁ, af gerðinni Sikorsky HH 52A, 1972-1975.

TF-HUG og **TF-MUN**, af gerðinni Bell 47G voru reknar árin 1973-1977.

TF-GRÓ, af gerðinni Hughes 500C, frá 1976-1980.

TF-GRÓ, önnur þyrlan með því nafni og af gerðinni Hughes 500D, 1981-1986.

TF-RÁN, Sikorsky S-76A, árin 1980-1983.

TF-SIF, leiguþyrla af gerðinni Aerospatiale SA 365N, frá 1984-1985.

TF-SIF, Dauphin-vél, sams konar og fyrri SIF, frá 1985.

TF-GRÓ, sú þriðja með því nafni, af gerðinni Aerospatiale AS 350B, frá árinu 1986.

Nú á og rekur Landhelgisgæslan þrjár þyrlur, nýju þyrluna TF-LÍF, af gerðinni Aerospatiale AS 332L1 Super Puma, sem tekur 20 manns í sæti, auk þriggja manna áhafnar og að auki TF-GRÓ og TF-SIF. Þá á Gæslan einnig Fokker F27-vélina TF-SÝN.

Landhelgisgæslan hefur aldrei haft jafnstóra þyrlu til umráða og TF-LÍF. Næstar henni komast Sikorsky-þyrlurnar GNÁ og RÁN og Dauphin-þyrlan SIF, sem hafa tekið 8 manns í sæti, auk áhafnar.